

**Úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla
Vorið 2002**

Helstu niðurstöður

**Menntamálaráðuneytið
Júní 2002**

Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitsgerðir 29

Júní 2002

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 560 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Menntamálaráðuneytið

© 2002 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-87-5

Efnisyfirlit

FORMÁLI.....	5
ÚTTEKTIR VORÍÐ 2002.....	6
STAÐA SJÁLFSMATS Í SKÓLUNUM.....	6
SJÁLFSMATSADFERÐIR SKÓLANNA.....	7
FRAMKVÆMD SJÁLFSMATS Í SKÓLUNUM.....	8
SAMANTEKT	9
VIÐAUKI	10
VIÐMIÐ.....	10
MATSTÆKIÐ	12
SKÓLAR Í ÚTTEKT VORÍÐ 2002	13
ÚTTEKTARADILAR	15

Formáli

Í lögum um grunnskóla nr. 66/1995 eru ákvæði þess efnis að sérhver skóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Í lögunum eru einnig ákvæði um að á 5 ára fresti skuli að frumkvæði menntamálaráðuneytisins gerð úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem skólar nota. Ákvæði um úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla komu til framkvæmda haustið 2001.

Menntamálaráðuneytið gaf vorið 1997 út bæklinginn *Sjálfsmat skóla* og er þar fjallað um tilgang og markmið sjálfsmats, sett fram viðmið fyrir sjálfsmat skóla, birtur gátlisti og gefið dæmi um ramma fyrir sjálfsmatsskýrslu. Þau viðmið sem lögð eru til grundvallar úttekta á sjálfsmatsaðferðum skóla eru birt í *Almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla* auk þess sem þau voru kynnt skólum í bréfi sem var sent öllum grunnskólum í júní 2000.

Haustið 2001 voru gerðar úttektir á sjálfsmatsaðferðum 27 skóla. Á vorönn 2002 voru teknir út 39 skólar. Á haustönn 2002 verða 40 skólar teknir út, á vorönn 2003 43 skólar og á haustönn 2003 43 skólar.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úttekta á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla vorið 2002. Er skýrslan send viðkomandi skólum og sveitarstjórnnum. Skýrsluna er einnig að finna undir Mat og úttektir á vef menntamálaráðuneytisins **www.menntamalaraduneyti.is**.

Úttektir vorið 2002

Í janúar 2002 var viðkomandi sveitarstjórnnum og grunnskólum tilkynnt um úttektarskóla, tímasetningu úttektanna og úttektaraðila. Skólarnir höfðu verið valdir af handahófi meðal skóla á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi (sjá nánar um úttektaraðila í viðauka).

Úttekt á sjálfmatsaðferðum skóla byggir m.a. á gögnum frá viðkomandi skóla, heimsóknnum í skólann og viðtölum við stjórnendur, kennara, fulltrúa annarra starfsmanna, nemendur og foreldra eftir því sem við á.

Í úttektunum er lagt mat á stöðu sjálfmats er, sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmatsins í einstökum skólum. Þau viðmið sem liggja til grundvallar við mat á sjálfsmatsaðferðum eru að sjálfsmatið sé: formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert (sjá viðauka).

Skólastjóra viðkomandi skóla voru kynntar niðurstöður úttektarinnar áður en að úttektaraðilar skiluðu þeim til ráðuneytisins.

Staða sjálfsmats í skólunum

Í sex grunnskólum af þeim 39 sem voru teknir út liggur fyrir skrifleg opinber verkáætlun um sjálfsmat eða í um 15% skólanna.

Kerfisbundið sjálfsmat hefur farið fram í 13 skólum eða í um 33% skólanna. Staða sjálfsmats í skólunum í úttektinni er eftirfarandi:

Staða sjálfsmats	Fjöldi skóla
Kerfisbundið sjálfsmat á öllum helstu þáttum	6
Kerfisbundið sjálfsmat á tilteknum þáttum	7
Einstakar tilraunir við sjálfsmat	17
Undirbúningur kerfisbundins sjálfsmats hafinn	3
Ekkert hefur verið unnið við sjálfsmat	2
Annað	4

Af þeim 13 skólum sem höfðu framkvæmt kerfisbundið sjálfsmat höfðu þrír grunnskólar gefið út sjálfsmatsskýrslu. Skýrslurnar náðu ýmist til allra helstu þátta skólastarfsins eða til afmarkaðra þátta þess. Sjálfsmatsskýrsla var í vinnslu í fimm skólum og fimm skólar höfðu ekki gefið út sjálfsmatsskýrslu.

Af þeim 17 skólum sem höfðu gert einstakar tilraunir við sjálfsmat höfðu fimm grunnskólar gefið út sjálfsmatsskýrslur. Sjálfsmatsskýrslur voru í vinnslu í tveimur skólum og tíu skólar höfðu ekki gefið út sjálfsmatsskýrslur.

Sjálfsmatsaðferðir skólanna

Fimm skólar af þeim 13 sem höfðu framkvæmt kerfisbundið sjálfsmat byggðu sjálfsmatsaðferðir á samsettu og aðlöguðu kerfi. Sjálfsmatsaðferðir átta skóla byggðu á tilbúnu kerfi, sem voru Skólarýnir, Glerverk, Kanni, SVÓT greining, Aukin gæði náms (AGN) og Kaupmannahafnarlíkan Peter Ulholm.

Í skólunum 17 sem höfðu gert einstakar tilraunir við sjálfsmat um afmarkaða þætti skólastarfsins var stuðst við samsett og aðlöguð kerfi í 12 skólum. Sjálfsmatsaðferðir fimm skóla byggðu á tilbúnu kerfi, sem voru Skólarýnir, Gæðagreininir og 2+2 (Dr. Dwight Allen).

Í þeim 13 skólum sem höfðu unnið kerfisbundið sjálfsmat voru niðurstöður eftirfarandi um hvort sjálfsmatskerfi skólanna uppfylli þau viðmið sem menntamálaráðuneytið hefur sett um sjálfsmatsaðferðir (sjá viðauka):

Sjálfsmatskerfið telst:	Já	Nei
Formlegt	9	4
Altækt	9	4
Áreiðanlegt	13*	0
Samstarfsmiðað	12	1
Umbótamiðað	10	3
Árangursmiðað	8	5
Stofnanamiðað	12	1
Einstaklingsmiðað	13	0
Lýsandi	4	9
Greinandi	10	3
Opinbert	4	9

* Já eða já að hluta

Samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins töldust fjórir skólar af þeim 13 sem höfðu framkvæmt kerfisbundið sjálfsmat vera með fullnægjandi sjálfsmatsaðferðir og átta skólar með fullnægjandi sjálfsmatsaðferðir að hluta.

Framkvæmd sjálfsmats í skólunum

Í skólunum 13 sem höfðu framkvæmt kerfisbundið sjálfsmat taldist undirbúningur og kynning fullnægjandi í átta skólum, fullnægjandi að hluta í fjórum skólum og ófullnægjandi í einum skóla.

Í sjö skólum af þeim 13 sem höfðu framkvæmt kerfisbundið sjálfsmat var framkvæmd umbóta í samræmi við aðgerða- og þróunaráætlun sem gerð var í kjölfar sjálfsmats. Enginn skólanna hafði metið hvort markmiðum í aðgerða- og þróunaráætlun hafði verið náð.

Í fjórum skólum af þeim 13 sem höfðu framkvæmt kerfisbundið sjálfsmat höfðu verið sett viðmið um hvað bættur árangur í einstökum þáttum felur í sér. Í 11 tilvikum var einstaklingsmiðað sjálfsmat nýtt við starfsmannastjórnun.

Framkvæmdin taldist fullnægjandi í sex af þeim 13 skólum sem höfðu framkvæmt kerfisbundið sjálfsmat og fullnægjandi að hluta í sjö skólum.

Samantekt

Helstu niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla vorið 2002 eru að 13 grunnskólar af 39 hafa framkvæmt kerfisbundið sjálfsmat eða um 33%. Þar af hefur kerfisbundið sjálfsmat á öllum helstu þáttum skólastarfsins farið fram í sex skólum.

Í eftirfarandi töflu má sjá samantekt á niðurstöðum þegar lagt var mat á sjálfsmatsaðferðir skóla:

Sjálfsmatsaðferðir skólans teljast:	Fjöldi skóla
Fullnægjandi	4 (10%)
Fullnægjandi að hluta	8 (21%)
Ófullnægjandi	27 (69%)
Samtals	39 (100%)

Þegar lagt var mat á framkvæmd sjálfsmats þeirra 13 skóla sem höfðu framkvæmt kerfisbundið sjálfsmat eru niðurstöðurnar eftirfarandi:

Framkvæmd sjálfsmats telst:	Fjöldi skóla
Fullnægjandi	6 (46%)
Fullnægjandi að hluta	7 (54%)
Ófullnægjandi	0 (0%)
Samtals	13 (100%)

Þrír grunnskólar af þeim 39 sem voru í úttekt vorið 2002 uppfylla að öllu leyti bæði viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats.

Viðauki

Viðmið

Viðmið ráðuneytisins sem liggja til grundvallar við úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla eru að sjálfsmatið sé:

1. Formlegt

Lýsing á aðferðum við sjálfsmat þarf að liggja fyrir í sjálfsmatsskýrslu, skólanámskrá og hugsanlega í fleiri skriflegum gögnum frá skólanum. Fram þarf að koma hvort um er að ræða viðurkennda sjálfsmatsaðferð eða samsetta og aðlagða aðferð. Gera þarf grein fyrir hvernig að sjálfsmatinu er staðið í heild. Í lýsingunni þarf að koma fram hverjir stjórna verkinu, hverjir vinna það á hverjum tíma og til hverra það nær.

2. Altækt

Sjálfsmatið skal ná til allra helstu þátta skólastarfsins, þ.e. markmiða, stjórnunar, náms, kennslu, námsmats, nemenda, starfsfólks, aðbúnaðar og ytri tengsla. Ekki er þó gert ráð fyrir að skólar geti tekið jafn ítarlega á öllum þáttum á hverju ári.

3. Áreiðanlegt

Mikilvægt er að sjálfsmatið byggi á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Gögn úr bókhaldi skólans, t.d. námsferilsskrá og fjarvistaskrá, þurfa að vera tiltæk. Skólar geta þó ekki í öllum tilvikum byggt á tölulegum gögnum, en þurfa þá að meta starf sitt með öðrum hætti, eins og viðhorfakönnunum meðal ólíkra hópa, t.d. meðal nemenda, starfsfólks, foreldra, viðtökuskóla, almennings, atvinnulífs og brautskráðra nemenda.

4. Samstarfsmiðað

Allt starfsfólk þarf með einum eða öðrum hætti að koma að vinnu við sjálfsmatið. Við skipulagningu og undirbúning sjálfsmatsins þarf að kynna öllum starfsmönnum umfang verkefnisins. Jafnframt þarf að nást sátt um framkvæmd þess. Verkaskipting þarf að vera skýr og sömuleiðis stjórnun og ábyrgð. Á þessu stigi þarf að hafa í huga þátttöku nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila í sjálfsmatinu.

5. Umbótamiðað

Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta aðgerða- og starfsáætlun um þær umbætur í skólastarfinu sem vinna þarf að í kjölfar sjálfsmats. Einnig þarf að birta upplýsingar um hvernig markmiðum umbótaáætlunar verði náð. Viðmið um hvað bættur árangur felur í sér þurfa að vera skilgreind.

6. Árangursmiðað

Skólinn skal vinna að því að meta hvort markmiðum skólans hafi verið náð og hvaða árangri skólastarfið hefur skilað út frá viðmiðum sem hann hefur sett sér. Þetta geta t.d. verið viðmið um námsárangur, vellíðan, umgengni, fjarvistir og brottfall.

7. Stofnana- og einstaklingsmiðað

Sjálfsmatið þarf að beinast bæði að stofnuninni sjálfri og einstaklingum innan hennar. Sem dæmi um þetta má nefna mat á frammistöðu skólans í samanburði við aðra, t.d. á samræmdum prófum og mat á stjórnun og kennslu.

8. Lýsandi

Í sjálfsmatsskýrslu þarf að vera stutt hnitmiðuð lýsing (texti, myndir, töflur) á starfsemi skólans. Lýsingin þarf að hafa tengsl við markmiðssetningu.

9. Greinandi

Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta styrk- og veikleikagreiningu, sem sett er fram kerfisbundið við hvern þátt matsins og síðan í samantekt í lokin.

10. Opinbert

Fyrirfram þarf að ákveða hverjir hafa aðgang að tilteknum þáttum sjálfsmatsins en sjálfsmatsskýrslu þarf að birta opinberlega. Hér þarf að tryggja að haldin séu í heiðri ákvæði gildandi laga, m.a. um meðferð persónuupplýsinga.

Matstækið

Útbúnir voru spurningalistar sem úttektaraðilar skrá niðurstöður sínar í. Spurningalistarnir eru þrenns konar og fer val á spurningalista eftir stöðu sjálfsmats í hverjum skóla fyrir sig. Meginlistinn samanstendur af 42. spurningum sem úttektaraðilar fylla út í ef skólinn hefur unnið að kerfisbundnu sjálfsmati. Listinn skiptist í fimm meginhluta:

I. Staða sjálfsmats – markmiðið er að fá fram upplýsingar um hver staða sjálfsmatsvinnu í skólanum er.

II. Sjálfsmatsaðferðir – markmiðið er að afla upplýsinga um það kerfi sem skólinn notar. Viðmiðin eru: formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert og eru settar fram spurningar varðandi hvert þeirra.

III. Framkvæmd sjálfsmats – markmiðið er að fá fram upplýsingar um hvernig til hefur tekist með framkvæmd sjálfsmatsins.

IV. Heildarniðurstaða – markmiðið er að fá fram heildarniðurstöðu úttektaraðila um annars vegar sjálfsmatsaðferðirnar og hins vegar um framkvæmdina. Til að svara þessum hluta byggja úttektaraðilar annars vegar á hluta II og hins vegar á hluta III.

V. Greinargerð – markmiðið er að fá fram stutta samantekt (hámark 1 bls. A4) á niðurstöðum ásamt athugasemdum og öðrum upplýsingum frá úttektaraðila.

Ef skólinn hefur gert einstakar tilraunir við sjálfsmat um afmarkaða þætti skólastarfsins fylla úttektaraðilar út spurningalista sem samanstendur af sjö spurningum. Stytttri listi er fylltur út ef ekkert hefur verið unnið við sjálfsmat eða undirbúningur sjálfsmats er hafinn. Úttektaraðilar skila í öllum tilvikum stuttri greinargerð með spurningalistunum.

Skólar í úttekt vorið 2002

Úttektir voru gerðar á sjálfsmatsaðferðum eftirtalinna skóla vorið 2002:

Höfuðborgarsvæðið:

1. Álftanesskóli, Bessastaðahreppur
2. Árbæjarskóli, Reykjavík
3. Breiðagerðisskóli, Reykjavík
4. Digranesskóli, Kópavogi
5. Foldaskóli, Reykjavík
6. Hamraskóli, Reykjavík
7. Háteigsskóli, Reykjavík
8. Hofstaðaskóli, Garðabær
9. Húsaskóli, Reykjavík
10. Hvassaleitisskóli, Reykjavík
11. Ísaksskóli, Reykjavík
12. Korpuskóli, Reykjavík
13. Landakotsskóli, Reykjavík
14. Langholtsskóli, Reykjavík
15. Laugalækjarskóli, Reykjavík
16. Laugarnesskóli, Reykjavík
17. Lindaskóli, Kópavogi
18. Melaskóli, Reykjavík
19. Mýrarhúsaskóli, Seltjarnarnesi
20. Rimaskóli, Reykjavík
21. Selásskóli, Reykjavík
22. Seljaskóli, Reykjavík
23. Tjarnarskóli, Reykjavík
24. Vesturhlíðarskóli, Reykjavík
25. Víðistaðaskóli, Hafnarfirði
26. Vogaskóli, Reykjavík

27. Waldorfskólinn, Kópavogur
28. Öldutúnsskóli, Hafnarfirði
29. Öskjuhlíðarskóli, Reykjavík

Norðurland:

1. Árskógarskóli, Dalvík
2. Barnaskólinn á Ólafsfirði
3. Gagnfræðaskólinn á Ólafsfirði
4. Glerárskóli, Akureyri
5. Grunnskólinn í Bárðardal
6. Grunnskólinn í Grímsey
7. Lundarskóli, Akureyri
8. Síðuskóli, Akureyri
9. Stórutjarnarskóli, Ljósavatnshreppur
10. Þelamerkurskóli, Arnarneshreppur

Úttektaraðilar

Í lok nóvember 2001 auglýsti menntamálaráðuneytið eftir aðilum til að taka að sér verkefni á sviði úttekta á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla vorið 2002. Úttektir á sjálfsmatsaðferðum í hverjum skóla voru í höndum tveggja til þriggja einstaklinga sem saman hafa menntun og reynslu á sviði sjálfsmats, skólastarfs á grunnskólastigi og gæðastjórnunar. Úttektirnar voru framkvæmdar af einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum og gerði hvert úttektarteymi að lágmarki úttekt í þremur skólum. Eftirtaldir aðilar önnuðust úttektirnar:

Anna Lilja Sigurðardóttir

Ársæll Guðmundsson

Deloitte & Touche

Háskólinn á Akureyri – Skólaþróunarsvið

Jóhanna G. Kristjánsdóttir

Katrín Frímannsdóttir

KPMG Ráðgjöf

Lovísa Kristjánsdóttir

Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands

Sylvía Guðmundsdóttir

Védís Grönvold

Vignir Einarsson